Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

Félagsmiðstöðin Ekkó

KÁRSNESSKÓLI

Starfsáætlun | 2026-2027 | Höfundur: Jóhanna Aradóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit **2**
Hagnýtar upplýsingar **3**
Opnunartímar Ekkó: 3
Félagsmiðstöðvardagatal **3**
Starfið í vetur **3**
Viðburðir í vetur **4**
Hópastarf **4**
Sértækt hópastarf 5
Félkó – miðstöðin 5
Hinsegin – Félkó 5
Félkó - Velkomin 5
Sumaropnanir Ekkó **5**
Barna- og unglingaráð **5**
Foreldrasamstarf **6**
Verkefni tengd menntastefnu **6**
Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva **7**
Ytra mat **7**
Innra mat **7**
Umbótaáætlun **8**
Símenntunaráætlun **8**
Fjöldatölur **8**
Starfsfólk **9**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Ekkó er fyrir nemendur í Kársnesskóla frá 5. – 10. Bekk með aðaláherslu á starf fyrir 8. – 10. Bekk. Ekkó er staðsett í Kársnesskóla við Kópavogsbraut 57, símanúmer Ekkó er 441-4630 og 618-6674. Forstöðumaður Ekkó er Jóhanna Aradóttir. Símanúmer forstöðumanns er 696-1620 og netfang johanna.aradottir@kopavogur.is

Nemendafjöldi á unglingastig 8. – 10. Bekk eru í vetur 210 nemendur og á miðstigi 5. – 7. Bekk eru 199 nemendur. Heildarfjöldi einstaklinga sem Ekkó þjónustar í vetur eru 409 nemendur, en skólinn hefur verið að stækka mikið síðustu ár, þó að árgangar séu misstórir.

Opnunartímar Ekkó:

Opnunartími á daginn er í samráði og samvinnu við skólann, við erum með hádegisopnanir og síðdegis mánudaga til fimmtudaga.

Opnanir frá 17:15 – 18:45 eru á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Þar er miðstigið í forgangi, þó að mánudagarnir verði blandaðir fyrir klúbba á miðstigi og unglingastigi.

Kvöldopnanir eru þrjú kvöld í viku. Mánudaga og miðvikudaga frá 19:30 – 22:00 og föstudaga frá 19:30 – 23:00. Kvöldopnanirnar eru ætlaðar unglingastiginu.

Félagsmiðstöðvardagatal

Félagsmiðstöðvadagatalið má nálgast á eftirfarandi vefslóð: Félagsmiðstöðvadagatal

Þar eru settir inn helstu viðburðir félagsmiðstöðva í Kópavogi og Samfés.

Starfið í vetur

Við í Ekkó viljum skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi þar sem öllum líður vel. Við reynum að hlusta á hópinn og finna út hvað þeim finnst spennandi og áhugavert.

Okkar markmið á starfsárinu:

- Tryggja að Ekkó sé öruggt, aðgengilegt og jákvætt umhverfi fyrir öll börn og ungmenni.
- Viðhalda góðu upplýsingaflæði til barna, ungmenna og foreldra með fjölbreyttum samskiptaleiðum.
- Halda áfram innleiðingu réttindafélagsmiðstöðvar í samstarfi við Kársnesskóla og UNICEF.
- Fylgjast með og styðja einstaklinga og hópa sem sýna vísbendingar um áhættuhegðun.
- Auka þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum Samfés og Félkó, sérstaklega utan hefðbundinna balla.
- Þróa áfram klúbba- og smiðjustarf fyrir miðstig og unglingastig.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Efla barna- og unglingalýðræði með virkari þátttöku nemendaráðs og miðstigsráðs í skipulagningu starfsins.

Samstarf við skóla: Samstarf Ekkó við Kársnesskóla gengur mjög vel og samstarf við alla starfsmenn skólans mjög gott. Í samráði við skólastjórnendur erum við með opið á skólatíma, höldum reglulega samráðsfundi um stöðu unglingahópsins og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Samstarf við aðra starfsmenn skólans hefur líka verið mjög gott. Við erum núna sameiginlega að vinna á innleiðingu á réttindaskóla/réttindafélagsmiðstöð og erum við að vinna það verkefni í mjög góðri samvinnu. Skólaþing Kársnesskóla og Ekkó hefur verið samvinnuverkefni og gengið vel.

Valáfanga: Nemendaráð Ekkó og Kársnesskóla hefur verið samstarfsverkefni milli Ekkó og Kársnesskóla, en það verkefni er leitt af Ekkó. Við erum í samtali við skólann, um þróun á valáföngum.

Verkefni sem stuðla að eflingu læsis í víðum skilningi: Það sem við höfum verið að vinna mest með tengt læsi eru spil. Við erum bæði að vinna með spurningarspil og svo eins umræðuspil, dæmi um umræðuspil eru hjartsláttur og sjúkást. Við sjáum sérstaklega tvennt tengt þessu, er að þau eru að lesa upphátt fyrir jafnaldra og hins vegar eflir þetta orðaforða þegar þau geta spurt okkur út í hvað ákveðin orð þýða og þannig eflt orðaforða sinn.

Miðstigsstarf: Miðstigsopnanirnar eru mikið breyttar þetta skólaárið og við höfum virkilega aukið starfið. Við erum áfram að halda með árgangaopnanir, en í viðbót við það erum við búin að bæta við klúbbaopnunum, en í þær þarf að skrá sig sérstaklega í gegnum abler. Það þýðir hjá okkur að boðið er upp á dagskrá fyrir miðstig tvo - þrjá daga í viku, en við erum að jafnaði með klúbba í boði tvisvar í viku til þess að mæta fjölda barna á miðstiginu.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum Ekkó: Sem dæmi um opnanir eru: Árgangaopnanir, fjölbreyttar keppnir, Andvökunótt 10. Bekkjar, Ekkó leikarnir, Sumarhátíð og Kökukeppni.

Sameiginlegir FÉLKÓ viðburðir: Íþróttaleikar ÍTK, Forvarnarvika, Lan, Söngkeppni, Getkó, Skíðaferð, Félkóhátíð og Félkó útilegan.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Jólaball og árshátíð unglingadeildar eru á hverju ári haldið sameiginlega af Kársnesskóla og Ekkó. Það samstarf hefur fengið mjög vel.

Viðburðir í samvinnu við Samfés: Hönnunarkeppnin Stíll hafa verið unnin í samvinnu milli Samfés og félagsmiðstöðva í Kópavogi. Ásamt því að starfsfólk er virkt að taka þátt í viðburðum Samfés.

Hópastarf

Hópastarf Ekkó byggir á réttindamiðaðri nálgun þar sem haft er að leiðarljósi Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Sérstök áhersla er lögð á jafnræði og þátttöku allra barna (2. og 12. gr.), að það sem barninu er fyrir bestu sé haft að leiðarljósi (3. gr.), að styðja við þroska og vellíðan barna (6. gr.) og að fræða börn um réttindi sín (42. gr.).

Starfið styður einnig við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um heilsu og vellíðan, menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, ábyrga neyslu og friðsamleg samfélög. Með hópastarfi, lýðræðisverkefnum,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

félagsfærniþjálfun og fjölbreyttum viðburðum fá börn og ungmenni tækifæri til að efla félagslega færni, sjálfstraust og þátttöku í samfélaginu.

Sértækt hópastarf

Við erum alltaf að fylgjast vel með hópnum okkar og vinna með þá einstaklinga og hópa sem við teljum að þurfi sértæku starfi eða hefðu gott af sértæku starfi. Sértækt hópastarf er í gangi hjá okkur allt árið um kring, eftir því sem þarf hverju sinni.

Félkó – miðstöðin

Unglingar frá okkur hafa verið að nýta sér opnanirnar í Félkó – miðstöðinni. Við eigum ungmenni sem sækja reglulega d&d starf, hinsegin starf og starf í Velkomin. Við kynnum líka reglulega hjá ykkur og alltaf að benda okkar hóp á að geta sótt þetta starf sem viðbót við okkar starf. Hópurinn sem sækir í opnanir í Félkó – miðstöðinni er sambland af krökkum sem sækja bara starfið í Félkó miðstöðinni og einnig krakkar sem koma líka til okkar í Ekkó. Við höfum sérstaklega passað að halda góðu samstarfi við þau sem eru að mestu leiti bara að sækja starf í Félkó – miðstöðina í að passa koma öllum upplýsingum beint til þeirra.

Hinsegin – Félkó

Hinsegin félkó er með vikulegar opnanir og starfar einnig í náinni samvinnu við Hinsegin félagsmiðstöð í Reykjavík og aðrar hinsegin félagsmiðstöðvar. Því hafa þeir unglingar sem það vilja tækifæri bæði á því að sækja starf í sinni heimabyggð, en geta líka mætt í starfið í Reykjavík. Sum mæta á annan staðinn önnur velja að fara á báða. Samfés hefur einnig boðið upp á Hinsegin landsmót þar sem unglingarnir hafa getað mætt.

Félkó - Velkomin

Velkomin er verkefni sem hefur verið vel sótt af okkar unglingum, þá sérstaklega á sumrin. Við erum í góðu samráði við Ísat kennarana okkar um að kynna bæði okkar starf og starf í velkomin fyrir þeim hóp.

Sumaropnanir Ekkó

Sumaropnanir Ekkó eru í raun tvískiptar. Annars vegar smiðjur fyrir miðstigið og hins vegar starf fyrir unglingastigið á daginn og kvöldin. Miðstigssmiðjurnar gengu vel í sumar, en við vorum með svipað fyrirkomulag og síðasta sumar. Smiðjurnar voru almennt vel sóttar og krakkarnir verið ánægðir. Við vorum í miklu samstarfi við vinnuskólann og jókst rosalega mikið starfið með unglingum á daginn og einnig voru kvöldviðburðir vel sóttir. Sérstaklega tókst vel að enda á 10. Bekkjaropnun þar sem við kvöddum útskriftarárganginn okkar. Við stefnum að því að fá miðstigsráðið hjá okkur til að koma með tillögur að smiðjum fyrir miðstigið næsta sumar.

Barna- og unglingaráð

Nemendaráð: í nemendaráði Ekkó og Kársnesskóla sitja í vetur samtals 12 nemendur (4 úr hverjum árgangi). Fundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku í klst í senn. Nemendaráðið skipuleggur með starfsmönnum dagskrá Ekkó og er einnig skipuleggja þau ákveðna viðburði í Ekkó, en verið er að auka virkni hjá nemendaráðinu í að skipuleggja og undirbúa viðburði með stuðningi og aðstoð starfsmanna Ekkó.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Miðstigsráð: Búið er að stofna miðstigsráð hjá okkur, en það koma fulltrúar saman og ákveða fyrir sinn árgang hvað þau vilja hafa á sínum árgangaopnunum og eins hjálpa þau okkur við að ákveða hvaða smiðjur eru í boði. Miðstigsráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Rettindaráð Ekkó og Kársnesskola: Sameiginlega skipa Ekkó og Kársnesskóli Réttindaráð, en það er hluti af því að innleiða réttindaskóla og réttindafélagsmiðstöð.

Félkóráð: Tveir fulltrúar úr nemendaráði Ekkó eru fulltrúar nemendaráði Ekkó í Félkó-ráðinu. Hver félagsmiðstöð skipar tvo fulltrúa í ráðið. Umsjónarmenn eru hluti af aðstoðarforstöðumönnum félagsmiðstöðvanna, en gert er ráð fyrir því að Félkó-ráðið verði með fasta fundartíma í vetur að jafnaði einu sinni í mánuði.

Ungmennaráð: Umsjón með Ungmennaráði Kópavogsbæjar hefur Áslaug Einarsdóttir verkefnastjóri. Fundir eru einu sinni í mánuði og er einn fulltrúi frá hverjum skóla/félagsmiðstöð sem fær að taka þátt.

Ungmennaráð Samfés: Tveir fulltrúar Kópavogs eru í ungmennaráði. Fundarhald er alfarið á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Á síðasta starfsári var lögð fyrir foreldrakönnun sem gaf mikilvægar upplýsingar um upplifun foreldra af starfi félagsmiðstöðvarinnar. Niðurstöður könnunarinnar sýndu almennt mikla ánægju með starf Ekkó og töldu foreldrar félagsmiðstöðina veita mikilvæga þjónustu fyrir börn og ungmenni.

Helstu ábendingar sem komu fram vörðuðu upplýsingamiðlun til foreldra og óskir um fjölbreyttari leiðir til samskipta. Í kjölfarið hefur verið unnið að því að efla upplýsingaflæði með fjölbreyttari miðlum og draga úr vægi samfélagsmiðla sem aðal upplýsingaveitu. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið nýttar við forgangsröðun umbótaverkefna fyrir þetta starfsár.

Verkefni tengd menntastefnu

Félagsmiðstöðvar Kópavogs leggja áherslu á velferð, félagsfærni og sjálfseflingu ungmenna í samræmi við Menntastefnu Kópavogsbæjar 2021–2030.

Helstu áherslur eru:

- Forvarnir og vellíðan: Að skapa öruggt umhverfi og veita snemmtækan stuðning.
- Félagsfærni og lýðræði: Að efla sjálfstraust, samskipti og áhrif ungmenna á starfsemina.
- Jafnrétti og inngilding: Að tryggja öllum ungmennum tækifæri til þátttöku, meðal annars með sértæku starfi í Félkó.
- Sköpun og þátttaka: Að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf sem byggir á áhuga og hugmyndum ungmenna.
- Samstarf: Að efla samstarf við foreldra, skóla og aðra þjónustuaðila.

Markmiðið er að stuðla að jákvæðum félagslegum tengslum, vellíðan og virkri þátttöku ungmenna í samfélaginu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Allir verkferlar frístundadeildar
  Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra mat

Ytra mat á starfi Ekkó byggir á þjónustukönnunum, foreldrakönnunum, viðhorfskönnunum meðal unglinga og niðurstöðum úr samræmdum könnunum. Niðurstöður þessara mælinga eru nýttar til að greina styrkleika starfsins og forgangsraða umbótaverkefnum.

Við ytra mat á starfinu nýtum við kannanir sem eru gerðar á starfinu okkar. Við erum sérstaklega að skoða þær kannanir sem voru gerðar síðasta vetur, annars vegar könnun meðal unglinganna og hins vegar fyrir foreldra. Þátttakan í unglingakönnunni var góð í öllum árgöngum nema 8. Bekk og þurfum við skoða það vel þegar könnunin er framkvæmt næst.

Í foreldrakönnun kom vel út og virtist vera almenn ánægja með starfið, en einnig rætt að unglingarnir ættu erfitt með að komast því það var að rekast á við æfingartíma. Ósk um fjölbreyttari leiðir til að samskipta bæði við foreldra og unglinga og er það verkefni þegar komið af stað í umbótaáætluninni okkar. Sérstaklega var óskað eftir því að minnka vægi samfélagsmiðla í því samhengi og er það verkefni þegar hafið.

Aðrar niðurstöður um stöðuna á unglingahópnum eru mikilvægar fyrir okkur til að fylgjast með breytingum á hópnum, þá sérstaklega varðandi neyslu ungmenna á vímuefnum, andlegri líðan, líkamlega heilsu, þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og svefnheilsu.
Með þessu fáum við mikilvægar upplýsingar um hvers konar forvarnarstarf við vinnum hverju sinni því markmiðið er að sjálfsögðu að persónumiða fræðsluna eins og við getum.

Mælingar á starfinu er einnig nýr þáttur sem við sjáum að við getum nýtt okkur vel í starfinu og hlökkum við mikið til að sjá áframhaldandi þróun á þeim mælingum.

Innra mat

Innra mat byggir á reglulegri rýni starfsfólks á markmið starfsáætlunar, dagskrá, opnanir, viðburði og hópastarf. Starfsfólk fer yfir framkvæmd verkefna, metur árangur og greinir hvað hafi gengið vel og hvað megi bæta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Jafnframt er stuðst við samtöl við börn, ungmenni og foreldra ásamt mætingartölum og þátttöku í starfinu. Mætingargögn gefa mikilvæga innsýn í hvaða hópar nýta sér starfið og hjálpa starfsfólki að greina hvort þörf sé á markvissum aðgerðum til að ná betur til ákveðinna hópa. Þarna er mikilvægt að nýta allt starfsfólk, þá sérstaklega í samskiptum við börnin og unglingana, því það er misjafnt hvaða starfsmenn ná til hvaða einstaklinga.

Niðurstöður innra mats eru nýttar við skipulagningu starfsins, forgangsröðun verkefna og gerð umbótaáætlunar fyrir næsta starfsár.

Umbótaáætlun

Auglýsingar og kynningar á starfinu. Við höfum verið að breyta talsvert mikið kynningum á viðburðum hjá okkur. Erum að auka sýnileika á dagskránni á veggjum Ekkó og skólans og því fara auglýsingar á töfluna fyrir framan Ekkó og einnig fer hluti af því á auglýsingaskjáina í skólanum. Við erum farin að setja alla dagskrá bæði miðstigs og unglingastigs inn á Abler, en það tekur tíma að venja hópinn á það að nota ablerinn. Við sendum líka pósta í gegnum Mentor og erum svo í framhaldinu alltaf að leita að öðrum leiðum til að ná til sem flestra. Með þessu erum við að minnka vægi samfélagsmiðla í starfinu okkar.

Við erum alltaf í stöðugri vinnu með hópa sem sýna áhættuhegðun og alltaf að vinna leiðir til að búa til tengingar við þá hópa og eins að viðhalda þeirri tengingu sem við höfum.

Símenntunaráætlun

Starfsmannafræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og Samfés Con og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Starfsmannafræðslurnar eru skipulagðar af Frístundadeild og verða til skiptis á mánudögum og miðvikudögum í vetur, til að tryggja að sem flestir starfsmenn geti sótt fræðslur.

Fjöldatölur

Mæting Ekkó 2025 - 2026

Ágúst	292
September	1752
Október	1875
Nóvember	1386
Desember	986
Janúar	1369
Febrúar	1113
Mars	1357
Apríl	987
Maí	907
Júní	579

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Júlí	140

Starfsfólk

Jóhanna Aradóttir, Forstöðumaður í 100% starfi, er á sínu fimmta starfsári

Aron Rafn Gissurarson. Aðstoðarforstöðumaður í 80% starfi, er á sínu sjötta starfsári.

Agla Jóna Sigurðardóttir. Frístundaleiðbeinandi á sínu fjórða ári

Brynhildur K. Kristjánsdóttir. Frístundaleiðbeinandi á sínu fyrsta ári

Darri Gunnarsson. Frístundaleiðbeinandi á sínu sjötta starfsári.

Elín Unnur Guðmundsdóttir. Frístundaleiðbeinandi á sínu þrettánda starfsári.

Eva Rós Eyjólfsdóttir. Frístundaleiðbeinandi á sínu fyrsta ári.

Kolviður Gísli Helgason. Frístundaleiðbeinandi á sínu fyrsta ári.

Rebekka Þurý Pétursdóttir. Frístundaleiðbeinandi á sínu níunda starfsári.

Valgeir Valgeirsson. Frístundaleiðbeinandi á sínu fyrsta ári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026